# 19. fundur fjallskilanefndar Saurbæjar

Fundur haldinn í fjallskilanefnd Saurbæjar mánudaginn 26. ágúst 2019, kl 20:00 að Stórholti.
Mætt voru: Ingveldur Guðmundsdóttir, Jón Ingi Ólafsson og Þröstur Harðarson.

Dagskrá:

1. **Fjallskil í landi Kleifa**
   Fulltrúar úr nefndinni funduðu með fulltrúum úr fjallskilanefnd Reykhólahrepps 9. ágúst sl. Land Kleifa neðan fjallsbrúna verður smalað með Brekkudal að Mávadalsá og Vatnsdal í Reykhólasveit laugardagana 21. og 28. september. Land Kleifa ofan fjallsbrúna verður samalað af bændum í Strandabyggð eins og verið hefur.

2. **Álagning fjallskila**
   Samþykkt að fella niður 2 dagsverk á Tjaldaneshlíð en að öðru leiti verða fjallskil á svæðinu framkvæmd með sama hætti og undanfarin ár. Samkvæmt yfirliti frá bókara Dalabyggðar var inneign hjá fjallskilasjóði Saurbæjar kr. 34.402,- í árslok 2018. Samþykkt að fjallskiladagsverkið verði metið á kr. 11.750 og kostnaður á hverja kind verði kr. 500,-.

Fundi slitið kl. 21:45

Ingveldur Guðmundsdóttir
Jón Ingi Ólafsson
Þröstur Harðarson